

Mat með elstu börnum í Skógarási október 2022

Framkvæmd

Matið var framkvæmt með foreldrum þar sem foreldrar fengu spurningalista heim og áttu spjall með börnum sínum um þessa matsþætti. Við þökkum foreldrum fyrir skemmtilega samvinnu það er gott að tengja saman heimili og Skóla á þennan hátt og gefa foreldrum tækifæri til að spjalla við börnin sín um veru þeirra í leikskólanum.

Líðan Hvernig líður þér í leikskólanum?

Öllum börnum líður vel og eru hamingjusöm með veru sína í leikskólanum. Tilvitnun í barn “Mér líður vel og mér líður vel í hjartanu þegar allir eru að leika saman.” Sumum finnst læti í leikskólanum sem er eðlilegt þegar mörg börn koma saman en gleðjast yfir mörgu eins og að teikna og fara í hreyfisálinn.

Áhugaverðast Hvað langar þig mest að gera í leikskólanum?

Börnunum finnst gaman að leika sér. Gera leir, teikna, syngja, hlaupa á útisvæði, búningaleik, kubba, bíló og nokkrir höfðu orð á því að það væri gaman allan tímann í leikskólanum og að gera allt.

Vinir Við hvern langar þig mest að leika í leikskólanum?

Allir eiga vini og segja að það sé gaman að leika sér við þá.

Matur Hvernig finnst þér maturinn í leikskólanum?

Allir eru sammála um að maturinn er góður í leikskólanum sumir segja að maturinn sé oft góður en stundum ekki. Helst minnst þau á að fiskurinn sé góður og spagettí.

Útivera Hvernig líður þér í útiveru í leikskólanum?

Allir eru sammála um að það er gaman í útiveru og þá sérstaklega þegar þau eru að leika við einhvern, nefnt var að það væri skemmtilegt að róla sér og að leika fallega.